
Brennsluofn fyrir dýrahæ og dýraleifar á Strönd á Rangárvöllum

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 15. apríl 2020 barst Skipulagsstofnun tillaga Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að matsáætlun vegna fyrirhugaðs brennsluofns fyrir dýrahæ og dýraleifar á Strönd á Rangárvöllum, Rangárþingi ytra samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.02 og 13.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings ytra, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

2 GÖGN LÖGD FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Brennsluofn fyrir dýrahæ og dýraleifar á Strönd á Rangárvöllum. Tillaga að matsáætlun. Sorpstöð Rangárvallasýslu og Environice, apríl 2020.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Rangárþingi ytra með tölvupósti dags. 12. maí 2020.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. maí 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvupósti dags. 8. maí 2020.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 8. maí 2020.
- Veðurstofu Íslands með tölvupósti dags. 12. maí 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 13. maí 2020.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Loftgæði

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ýmsir þættir hafi áhrif á útblástur brennsluofna og að lágmarka megi losun mengandi efna með réttu verklagi. Í ofninum verði eingöngu brennd dýrahæ og dýraleifar og gera megi ráð fyrir að losunin fari ekki yfir gildandi viðmiðunarmörk þar sem ofninn eigi að uppfylla kröfur um mengandi efni í útblæstri. Er miðað við viðmiðunarmörk Evrópusambandsins.

Í umsögn Veðurstofunnar er bent á að ekki er nægjanlegt að styðjast við upplýsingar framleiðanda varðandi mælda losun og mengunarvarnarbúnað. Nauðsynlegt er að meta gæðin með hlutlausari hætti s.s. með því að skoða og meta gögn frá öðrum aðilum, ekki síst aðilum í sambærilegum rekstri sem notað hafa viðkomandi búnað.

Í svari framkvæmdaraðila segir að kröfur sem gerðar verði til rekstrarins verði settar fram í starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út. Þar verði einnig tilgreindar kröfur um viðbrögð ef upp koma mengunaróhöpp. Fjallað verði um þessar kröfur í frummatsskýrslu eftir því sem unnt er en



þær muni ekki liggja að fullu fyrir fyrr en við útgáfu starfsleyfis. Einnig kemur fram að vísað verði í gögn frá hlutlausum aðilum um mengun.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir upplýsingum um mælda losun frá aðilum sem nota sambærilegan eða sama búnað. Jafnframt þarf að gera grein fyrir þeim viðmiðunargildum sem fyrir hendi eru í sambærilegum rekstri á Íslandi og hvernig búnaðurinn uppfylli þær kröfur.

Vatnsgæði

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að brennsla hafi í för með sér hættu á mengun í frárennsli. Í frummatsskýrslu verði lýsing á fyrirkomulagi meðhöndlunar á ofanvatni, frárennsli frá starfsemi og mengunarvörnum. Einnig verði gert grein fyrir hvernig fráveitu frá brennsluofninum verði hagað og hvort/hvernig hún verði tengd fráveitukerfi urðunarstaðarins.

Í umsögn Veðurstofunnar er bent á að mikilvægt sé að tryggja að mengun berist ekki í grunnvatn, neysluvatn eða vistkerfi á vatnasviði viðkomandi framkvæmdar. Því er mikilvægt að skilgreina áhrifsvæði bæði loftborinnar og vatnsborinnar mengunar við mismunandi skilyrði og að áherslu eigi að leggja á verstu mögulegu skilyrði.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að alla jafna berist ekki vatn frá umræddum rekstri og að hætta á þungmálmamengun sé ekki talin vera til staðar í starfsemi af þessu tagi.

Í frummatsskýrslu þarf að leggja mat á áhrifsvæði loftborinnar og vatnsborinnar mengunar með áherslu á verstu mögulegu skilyrði fyrir hvort um sig. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvernig tryggt verði að mengun berist ekki í vistkerfi á vatnasviði framkvæmdarinnar.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemi er komin í rekstur, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir upplýsingum um mælda losun frá aðilum sem nota sambærilegan eða sama búnað. Jafnframt þarf að gera grein fyrir þeim viðmiðunargildum sem fyrir hendi eru í sambærilegum rekstri á Íslandi og hvernig búnaðurinn uppfylli þær kröfur.
2. Í frummatsskýrslu þarf að leggja mat á áhrifsvæði loftborinnar og vatnsborinnar mengunar með áherslu á verstu mögulegu skilyrði fyrir hvort um sig. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvernig tryggt verði að mengun berist ekki í vistkerfi á vatnasviði framkvæmdarinnar.



Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og er kærufrestur til 29. júní 2020.

Reykjavík, 28. maí 2020

Egill Þórarinnsson

Jón Þórir Þorvaldsson